

L Ö G

1

14. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1957 skal koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

2

10. febr.

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnarinnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

A 1